

Sp.

589. Fyrirspurnir.

[303. mál]

I. Til fjármálaráðherra um útreikning verðbóta í útboðum.

Frá Kristínu S. Kvaran.

1. Hver hefur heimilað stofnunum ríkisins og stofnunum, sem ríkissjóður er eignaraðili að, að bæta „línulegri“ verðlagshækkun ofan á opinbera gildandi verðvísitölu á hverju vísitölutímabili til greiðslu verðbóta á útboðsverk?
2. Er það réttlætanlegt að mati ráðherra að bæta kostnaðarhækkunum ofan á opinbera gildandi verðvísitölu til greiðslu á breytilegu samningsverði í útboðssamningum þar sem breytilegt samningsverð er innt af hendi á samningstíma (framkvæmdatíma)?
3. Á hvern hátt er breytilegt samningsverð í útboðssamningum ríkisstofnana endurmetið til núvirðis þegar greiddar verðlagshækkningar eru hærrí en gildandi verðvísitala?
4. Hver er hagnaður ríkissjóðs af verðbótahækkun samningsverðs þegar útboðssamningar eru greiddir á samningstíma (framkvæmdatíma) og hvernig er hann skilgreindur, eða, ef hann hefur fallið óskertur til verksala, á hvern hátt er hann þá skattlagður?
5. Hvernig hefur gengisviðmiðun í útboðssamningum með breytilegu samningsverði við erlenda samningsaðila á einstökum verkþáttum verið skilgreind?

II. Til fjármálaráðherra um arðgreiðslur til hluthafa Flugleiða hf.

Frá Stefáni Benediktssyni.

1. Hve oft hefur ríkissjóður tekið við arðgreiðslum frá Flugleiðum hf. í formi ávísana á farmiða?
2. Hversu háar voru slíkar arðgreiðslur árlega?
3. Hversu háar var styrkur ríkissjóðs til Flugleiða á sama tíma árlega?
4. Er það réttlætanlegt, að mati fjármálaráðherra, að fyrirtæki í taprekstri, sem nýtur ríkisstuðnings, greiði hluthöfum sínum arð?
5. Hefur fjármálaráðherra kannað hvort arðgreiðslur með þessum hætti og við þessi skilyrði eru löglegar?
6. Hvernig hefur ríkissjóður varið þessum arðgreiðslum?

III. Til fjármálaráðherra um lánsfjáröflun með ríkisvixlum.

Frá Stefáni Benediktssyni.

1. Hvaða verkefni ríkissjóðs eru svo arðbær að þau réttlæti þá ávöxtun sem ríkissjóður býður upp á, t. d. við sölu ríkisvixla?
2. Ef viðkomandi verkefni skila ekki arði, hvernig á þá að greiða vextina?